

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2160****2018/EES/33/24****frá 20. nóvember 2017****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 að því er varðar tiltekna tilvísanir í ákvæði
Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 3. gr.,

að höfðu samráði við nefndina um samevrópskt loftrými,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. lið II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 ⁽²⁾ er vísað til ákvæðanna, sem mælt er fyrir um í Verklagsreglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugleiðsöguþjónustu — Rekstrarstjórnun flugumferðar (PANS-ATM, skjal nr. 4444), nánar tiltekið í 15. útgáfu frá 2007, með breytingu nr. 6. Hinn 10. nóvember 2016 breytti Alþjóðaflugmálastofnunin skjali nr. 4444, með breytingu nr. 7A.
- 2) Til að taka tillit til þeirrar breytingar ætti nú að uppfæra tilvísanir til skjals nr. 4444 í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 til að gera aðildarríkjunum kleift að uppfylla alþjóðlegar, lagalegar skuldbindingar sínar og tryggja samræmi við alþjóðlegan regluramma Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 3) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. liðar í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1079/2012 komi eftirfarandi:

„3. Liður 12.3.1.5 „8,33 kHz rásabreidd“ (e. *8,33 kHz channel spacing*) úr PANS-ATM skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 4444 (16. útgáfa, 2016, með breytingu nr. 7A).“*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 304, 21.11.2017, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar)

(1) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2012 frá 16. nóvember 2012 um kröfur um bil milli talrása í samevrópska loftrýminu (Stjtið. ESB L 320, 17.11.2012, bls. 14).